***Þingskjal 13***

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 136/959*
*komudagur 27.2.2009*

## Tillaga til ályktunar
**- Skattamál -**

Ársþing KSÍ skorar á ríkisstjórn Íslands að gera breytingar á lögum um virðisaukaskatt á þann veg að sveitarfélög fái endurgreiddan virðisaukaskatt af framkvæmdum við íþróttamannvirki sem þau standa fyrir.

**Greinargerð:**

Í þeirri fjármálakreppu er íslenskt samfélag gengur nú í gegnum er mikilvægt að ríkisvaldið komi að uppbyggingu á íþróttamannvirkjum með óbeinum hætti og örvi þannig starfsemi íþróttafélaga. Sveitarfélög eru í nær öllum tilfellum framkvæmdaaðili að uppbyggingu íþróttamannvirkja og það að endurgreiða virðisaukaskatt af slíkum framkvæmdum væri hvatning um að standa að frekari uppbyggingu sem hefði jákvæð áhrif á samfélagið allt.

**Stjórn KSÍ**